



STARFSHÓPURINN „AUSTFIRZK EINING“. Fundur nr. 4

Fundargerð:

Fundur var haldinn í starfshópnum „AUSTFIRZK EINING“ föstudaginn 1. apríl 2011 kl. 12:00 á Borgarfirði eystri.

Fundurinn hófst með hádegisverði í Álfakaffi, en þar var snæddur ljúffengur borgfirzkur saltfiskur, ásamt meðlæti eins og það gjörist bezt.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Páll Baldursson, Jón Þórðarson, Stefán Bogi Sveinsson, Jens Garðar Helgason, Gunnþórunn Ingólfadóttir, Bárður Jónasson og Ólafur Hr. Sigurðsson. Auk þess sat fundinn frkvstj. SSA, Bj. Hafþór Guðmundsson, sem ritaði fundargerð.

Signý Ormarsdóttir og Ingigerður Erlingsdóttur sátu fundinn undir liðum 1 og 2. Frkvstj. flutti fundarm. kveðjur Valdimars O. Hermannssonar, form. stjórnar SSA.

Form. hópsins, Ólafur Hr. Sigurðsson, setti fund og stýrði honum.

DAGSKRÁ:

1. Menningarsamningur.

Staðan í samningsgerð við ríkið og ákv. um, hvernig staðið skuli að gerð samnings milli sveitarfélaganna um verkefnið. Menningarfulltrúi Austurlands, Signý Ormarsdóttir, gerði grein fyrir ýmsum atriðum, er lúta að fjármálum v/ þessa sameiginlega verkefnis sveitarfélaga á starfssvæði SSA.

M.a. kom fram:

- Ekki hefur enn verið gengið frá undirritun á samningi um menningarmál milli ríkis og sveitarfélaga, en drög að honum hafa legið fyrir upp úr miðjum jan. 2011.
- Á fundi á Reyðarfirði með þingmönnum NA-kjd. voru gefin fyrirheit um sértækar aðgerðir, er lúta áttu að því að tryggja sem mest rekstrargrundvöll menningarmiðstöðvanna þriggja. Mikilvægt er að tryggja sem mest auka fjármagn til menningarmiðstöðvanna á þessu ári áður en skrifað verður undir menningarsamning við ríkið og fá staðfestingu á upphæð þar að lútandi frá ráðherrum og þingmönnum. Ekki verður hægt að úthluta fjármagni til menningarverkefna fyrr en ljóst er hver aukafjárveiting til menningarmiðstöðvanna verður þar sem ljóst er að eitthvert fjármagn verður að taka af menningarsamningnum til menningarmiðstöðvanna á þessu ári.
- Auglýst hefur verið eftir umsóknum um menningarstyrki og er vinna menningarráðs við hefðbundna úthlutun hafin. Óvissa ríkir um hversu hárrí heildarfárhæð verður hægt að úthluta.



- d) Vinna við frágang samnings milli sveitarfélaganna var komin í gang, en hefur legið niðri í margar vikur v/ óvissu um frágang samningsins við ríkið.
- e) Ekki hefur náðst sambærileg samstaða um úthlutun sérstaks fjármagns til svæðisins norðan Smjörfjalla og var í fyrri samningi milli sveitarfélaganna. Fleiri byggðarfélög hafa verið nefnd í þessu sambandi.
- f) Verið er að leita að sérstökum styrktaraðilum við menningarstarf á Austurlandi. Sú vinna lofar góðu.
- g) Með hliðsjón af viðbrögðum þingmanna og ráðuneytis menningarmála um aukafjárveitingu til menningarmiðstöðva má gera ráð fyrir að ekki þurfi að taka nema 12 m. kr. út úr menningarsamningnum til menningarmiðstöðvanna á þessu ári og má þá ætla að hægt verði að úthluta um það bil 25 m. kr. til menningarverkefna, auk hefðbundins reksturs.
- h) Auk framangreinds svaraði SO fyrirspurnum og skýrði ákv. atriði í rekstri Menningarráðsins með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum úr ársreikningi 2009 og fjárhagsáætlunum árin 2009 – 2011.

2. Almenningsamgöngur.

BHG fylgdi málinu úr hlaði. Hann og form. SSA voru á fundi í Vegagerðinni 24. marz, en á honum var farið yfir drög að samningi milli SSA (f. hönd sveitarfélaganna á starfssvæðinu og Vegagerðarinnar). Í framhaldi af því er komin í gang frekari vinna við drög að framangreindum samningi, sem ætlunin er að vinna innan vébanda vinnuhópsins um Austfirzka einingu. Fyrir liggja sterkar vísbendingar um að annað hvort verði hætt sértækum aðgerðum Vegagerðarinnar til almenningsamgangna á grundvelli eyrnamerks fjármagns þar um, eða að sveitarfélög / landshlutasamtök þeirra taki við verkefninu og sambærilegum fjárframlögum, sem nú er varið til þess, með það að markmiði að ná fram betri nýtingu á fjármagninu og betri þjónustu við íbúana og ferðamenn, en nú er. Ingigerður Erlingsdóttir, starfsmaður ÞFA, sem unnið hefur að verkefni um almenningsamgöngur á miðsvæði Austurlands gerði grein fyrir því starfi, auk þess sem hún tjáði sig m.a. um þau vandamál, sem leysa þyrfti til að tryggja að með samstarfi við Alcoa Fjarðaál, gæti fyrirtækið sinnt þörfum starfsmanna sinna, sem ferðast þyrftu innan vinnusvæðisins og samhliða yrði til staðar nægt framboð sæta fyrir aðra.

Einnig benti hún á hve svæðin væru illa tengd og hve kostnaðarsamt kynni að vera að ná fram betri þjónustu, þannig að eftirsóknarvert yrði að nýta hana. Taldi hún því mikilvægt, að menn gerðu sér grein fyrir því, komi að til þess að þessi þjónusta eigi að fara fram á vettvangi SSA, að þá þurfi einnig að fylgja fjármagn til endurskoðunar og uppbyggingu á samgöngukerfinu, auk þess fjármagns, sem ætlað er til að viðhalda og bæta almenningsamgöngur á milli staða.

Fram kom á fundinum ákv. vantrú á að verkefni myndi skila tilætluðum árangri og jafnvel að þessi breyting kynni að „rugga bátnum“, t.d. hvað varðaði Borgarfjörð eystri, en ánægja er þar með þá þjónustu, sem til staðar er í dag.

Eftir nokkuð ítarlega umfjöllun var ákveðið að skipa eftirtalin í starfshóp til að vinna áfram að framgangi málsins:

Ingigerður Erlingsdóttir, samgönguverkfræðingur hjá ÞFA,

Jakob Sigurðsson, oddviti Borgarfjarðarhrepps,

Björn Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA (sem kalla mun hópinn saman).



3. Staðan við frágang skýrslu.

ÓHS og GI voru kjörin af AE til að vera „ritnefnd“ af hennar hálfu vegna frágangs skýrslunnar „AUSTURLAND / AUSTFIRZK EINING, stöðuskýrsla og samantekt (.....mán.) 2011“. Þau gerðu grein fyrir frumdrögum að skýrslunni, unnum af Ólafi Áka Ragnarssyni hjá ÞFA, en þau hafa fundað í tvígang með honum í aðdraganda verksins.

Skýrslan barst nefndarmönnum í AE skömmu fyrir fundinn og höfðu menn því ekki haft nægan tíma til að kynna sér innihald hennar. Nokkur atriði í henni voru þó rædd og m.a. annars á hvern hátt hún gæti - sem stöðumat á núverandi ástandi og fyrirkomulagi - orðið vegvísir um áframhaldið, m.a. á sviði aukins samstarfs milli sveitarfélaganna og sem liður í að efla mennta- og stoðkerfið á fjórðungsvísu. **Í framhaldi af því var ákv. að fresta efninu og hafa verkefnið sem aðalmál á næsta fundi.**

4. Nokkur samvinnuverkefni.

4.1. Sorpurðun.

SBS, sem hafði tekið að sér að vinna í málinu, gerði grein fyrir ákv. atriðum. M.a. hafði hann rætt við sérfræðing hjá UST um málið. Ekki lægi fyrir, hvort svæði, sem áður hefðu verið nýtt og áformað væri að setja í gang aftur eða stækka, þyrftu í umhverfismat.

Fram kom að mikilvægt væri að vinna að sameiginlegri lausn á þessu stóra hagsmunamáli fyrir sveitarfélög og íbúa.

Einnig var upplýst um mikinn og jákvæðan árangur af sorpflokkun á ákv. svæðum, þar sem hún hefur nýlega verið tekin upp.

Þetta mál verður til frekari umfjöllunar á fundum AE.

(Hér vék JGH af fundum um kl. 15:00).

4.2. Ný mannvirkjalög. Sameiginleg Byggingarnefnd ! ?

Ekki sérstaklega rætt á þessum fundi, en hugmynd um aukið samstarf á þessu sviði verður eftir atvikum þróuð áfram.

4.3. Barnaverndarnefnd eða sameining félags- og barnaverndarþjónustu.

ÓHS, sem er form. stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands (SKA), hafði tekið að sér að þróa hugmyndina áfram í samstarfi við félagsmálastjóra á svæðunum tveim. Gerði hann grein fyrir málinu, sem var til umfjöllunar á nýlega afstöðnum stjórnarfundum SKA á Breiðdalsvík. Næsta skref eru viðræður við félagsmálastjórana 2 til að fá faglega sýn á úrlausnarefnið.

4.4. Sameining slökkviliða. Eitt eldvarnareftirlit.

Skv. umfjöllun síðasta fundar á að vinna framgangi málsins með það að markmiði að byggja upp eitt öflugt eldvarnareftirlit og jafnvel eitt slökkvilið. GI og ÓHS ræddu málið. Áformað er að ræða við slökkviliðs-stjórana 2 (Guðmund Sigfússon og Baldur Pálsson) og vinna í framhaldinu stutta grg. um málið. **Verður því til umfj. bráðlega aftur á vettvangi AE.**

4.5. Ein almannavarnarnefnd.

Ákv. að fresta umfjöllun um málið til betri tíma.



4.6. Tenging skólastiga. Frestað v/ tímaskorts. Verður til umfjöllunar síðar.

Minnt var á **hugmynd**, sem rædd var á seinasta fundi AE við umfjöllun um málefni nr. 4.1. til 4.6. **um að nefndarmenn í AE „skipti liði“ til frekari úrvinnslu síðar**. Hún er enn til staðar, en **verður útfærð á næsta fundi vinnuhópsins**.

5. Önnur mál:

a) Eyðing refa og minka.

BHG lagði fram og fór lítilega yfir samantekt um fyrirkomulag einstakra sveitarfélaga v/ verkefnisins. Málið verður til umf. á næsta fundi AE.

b) Næsti fundur:

Ákv. var að næsti fundur AE verði í Fljótsdal. Þriðjud. 26. apríl kl. 12:00.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 15:40. Bj. Hafþór Guðm. (fundarritari)

Eftir fundinn fóru oddviti og sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps með fundarmenn í stutta kynnisferð. M.a. var skoðuð ný sorpflokkunaraðstaða, sem jafnframt er áhaldahús fyrir sveitarfélagið, ásamt því að vera fundaraðstaða o.fl. fyrir björgunarsveitina Sveinunga.

Einnig var farið í „Sparkhöllina“, hina einu sinnar tegundar á Íslandi, þ.e. hefðbundinn sparkvöll KSÍ, sem hefur í þessu tilfelli verið yfirbyggður og er því mögulegt að nota hann allt árið, burtséð frá snjóalögum og eða því, hvort frost sé á Fróni.

Í lokin var svo boðið upp á „Runu-te“ í Hreppsstofu, skrifstofu og fundaraðstöðu Borgarfjarðarhrepps.

Áður en haldið var heim fór hópurinn á leiksýningu Grunnskóla Borgarfjarðarhrepps, en hún er sett upp sem verkefni í „Þjóðleik“, auk þess að vera hluti af árs hátíð skólans vorið 2011.

Sýnt var leikverkið MOLD af leikhópnum „Þratarungarnir“. Verkið er samið af Jóni Atla Jónassyni og því leikstýrt af heimamanninum, Þresti Fannari Árnasyni (eins og nafn leikhópsins gefur til kynna).

Var það mat allra viðstaddra að hér væri um mjög áhugaverða og vel upp byggða leiksýningu að ræða og var öllum, sem að henni komu fagnað í leikslök. Athygli vakti góð framsögn leikenda og fágaður leikur. Sviðsmynd var einföld, en áhrifarík og lýsing og umgjörð öll eins og í höndum fagmanna.

Hluti af upplifun við sýninguna var anddyrið í Fjarðarborg, sem skapaði strax sterka tilvísun í verkið með logandi kertum og reykelsisilm. Ekki skemmdi heldur „swingið“ frá dögum Victors Silvester og hljómsveitar í hinu forna útvarpsviðtæki í „betri stofunni“, en það virtist vera stillt á „Gömlu Gufuna“, svo sem vera bar.

Dvölin og móttökurnar á Borgarfirði þennan dag færðu mönnum heim sanninn um það að „fámennið er fýsilegt“, því þrátt fyrir að í og við Bakkagerði sé um að ræða annað fámennasta samfélag á starfssvæði SSA er þar ákveðin uppbygging í gangi, ekki sízt í ferðaþjónustu. Auk þess stendur sveitarfélagið sjálft vel og nýtir sterka eiginfjárstöðu til að byggja upp til framtíðar. Af þeim sökum má halda því fram, að þrátt fyrir að þarft kunni að vera að vinna að framþróun sveitarstjórnarstigsins með frekari sameiningum, megi ekki gleyma því að til séu byggðarlög sem standa sig myndarlega og halda vel sjó. Er því spurning, hvort þau ættu að fá að njóta þess, er menn gera á slíkum stöðum í krafti smæðar sinnar og samheldni, sem ekki er endilega víst að fengi að njóta sín, þegar allir væru orðnir steyptir í sama mótið.

bhg.